


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>  <b>Formfræði og fjarvídd</b> <b>MYL214</b> <b>Námsáætlun (haustönn 2015)</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari:	Skammst:	Netfang:	Sími:	Viðtalstími:
Amí Guðmann	AMÍ	ami@vma.is	(s. 8978621)	Mánud. 11:20-12:00
Hallgrímur Ingólfsson	HGI	hallgrimur@vma.is	(s.892-4132)	Mánud. 11:20-12:00

### Áfangalýsing

Áfanginn miðar að því að nemandinn efli næmi sitt fyrir fjarvídd og myndbyggingu á tvívíðum fleti og dýpki skilning á grundvallaratriðum myndbyggingar, formfræði og hönnunar. Í áfanganum er skynjun á formum í umhverfinu eflað og þrívíð tilfinning skerpt. Nemandinn gerir tilraunir með form, línur, fleti og áferð til að rannsaka ólíka myndbyggingu og læra undurstöðuatriði í fjarvíddarteikningu þar sem umhverfið er skoðað og útfært í fjarvídd. Áhersla lögð á að nemandinn prófi og kynnist mismunandi miðlum í vinnslu myndverka.

### Markmið

#### ***Þekkingarviðmið***

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- forsendum myndbyggingar og fjarvíddar
- grundvallarreglum formfræði og fjarvíddar
- hlutverki forma, lína, lita og áferðar í myndverkum
- hvaða merkingu og áhrif ólík form og línur hafa í myndverki
- hvernig mismunandi miðlar og aðferðir hafa áhrif á útkomu myndverks
- hvernig myndbygging hefur áhrif á útkomu myndverks
- fagorðum

#### ***Leikniviðmið***

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- teikna hluti í réttum hlutföllum í fjarvídd í einum, tveimur og þremur hvarfþekktum
- skyggja hluti út frá ákveðnu ljóshorni
- nota myndbyggingu, formfræði og fjarvídd í myndverki til að ná ákveðnum áhrifum þannig að gott jafnvægi sé milli einstakra þátta
- vinna með mismunandi miðla og nota mismunandi aðferðir við gerð myndverka
- skilgreina verk sín og tengja þau við fagorð og fjalla um þau
- útfæra og setja fram verkefni sín á frumlegan, skapandi og skipulegan máta
- beita táknafræðilegum rökum við umræðu um mögulega merkingu óhlutbundinna mynda

#### ***Hæfniviðmið***

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta formfræði, fjarvídd og myndbyggingu í sköpun myndverka
- vinna á persónulegan hátt og þróa eigin hugmyndir
- fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt með vísan í grundvallaratriði myndbyggingar og fjarvíddar
- meta myndbyggingarlega þætti í myndverkum annarra, t.d. fjölmiðlaefni, kvikmyndir, listaverk o.fl

### Námsgögn


Ýmis ljósrít og listaverkabækur sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.

**Athugið: Símar velkomnir til náms.....annars geymdir í símakassanum.**

### Mætingar

Ætlast er til að nemandi mæti í alla tíma og geti unnið sjálfstætt og skipulega. Slök mæting kemur niður á árangri og afköstum.

***Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig/okkur vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)***

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Formfræði og fjarvídd</b> <b>MYL214</b> <b>Námsáætlun (haustönn 2015)</b>	

### Námsmat

Próflaus áfangi. Metið í forni leiðsagnarmats, sjálfsmats og kennaramats. Mikilvægt er að vinna öll verkefni því gefið er fyrir hvert og eitt. Mikilvægt er að setja upp verkefni sín í möppu á áhugaverðan og frumlegan hátt. **Skil eru í síðasta tíma í áfanganum.**

**Í formfræði** gefið er fyrir:

myndbyggingu og formfræði 10%	teikningu 10%
liti og litavinnu 10%	vinnubrögð 5%
hugmyndavinnu 5%	vinnulag og ástundun 5%
framsetningu og frágang 5 %	= 50% (Amí)

**Fjarvídd** er skipt þannig:

kynning 10%	eins punkta fjarvídd 13%
tveggja punkta fjarvídd 13%	persónulegar útfærslur 14%
= 50% (HGI)	

### Innkaup

**Blýantar eða grafitblý, 2B og 6B eða jafnvel 9B**

**Svartir filtpennar** með mismunandi breidd, 0.4, 0.6. Gott að eiga **sveran túss** líka.

**Góða vatnslitapensla** til dæmis nr. 2, 5, 8 og 14 og flatann nr. 6, + stærri ef vill. Hægt að nota gervihárapensla (gul hár, ekki kaupa svínshárapensla).

**Plastmöppu A3 með plastumslögum (það er hægt að kaupa hana í skólanum) eða einhverja aðra möppu sem hægt er að skila verkefnum snyrtilega uppsettum í lok annar.**

Lota	Verklegur hluti
Fyrsti tími	Kynning á námsáætlun, markmiðum, og verkefnum áfangans.
Lota 1	Upphitun og innlögn.
Lota 2	<b>Formfræði:</b> Kynning á helstu lögmálum myndbyggingar og skissur unnar út frá því. Ca. <b>Fjarvídd:</b> Kynning á ýmsum aðferðum fjarvídarteikningar og skissur unnar 2 vikur samkvæmt því.
Lota 3	<b>Formfræði:</b> Kynning á grundvallaratriðum formfræðinnar. Unnið með punkta, línur, flöt og form. Ca. <b>Fjarvídd:</b> Verkefni unnin í eins punkts fjarvídd. 3 vikur
Lota 4	<b>Formfræði:</b> Framhald á grundvallaratriðum formfræðinnar. Unnið með lit, litgildi, áferð og munstur. Ca. <b>Fjarvídd:</b> Verkefni unnin í tveggja punkta fjarvídd. 3 vikur
Lota 5	<b>Formfræði:</b> Síðasti hluti um grundvallaratriði formfræðinnar. Unnið með rými á tvívíðum fleti og atriðum úr 2,3 og 4 lotu fléttað inn í. Ca. <b>Fjarvídd:</b> Persónulegar myndir með mismunandi útfærslum. 4 vikur
LOK	Verkefni kláruð og unnið í frágangi og uppsetningu verkefna í möppu og verk hengd upp fyrir sýningu á opnu húsi sem verður þann 1. des. <b>Allir hjálpa til.</b> Ca. <b>Skyldumæting er á opna húsið.</b> 2 vikur Nemendur taka svo niður verk sín í lok sýningar og ganga frá í möppur.

Í formfræðinni er unnið óhlutbundið í geometrískum og ljóðrænum formum og skissað hratt og mikið. Unnið með mismunandi miðlum s.s. blýanti, bleki, túss, þekjulitum, vatnslitum, bleki, collage o.fl.

**Athugið: Verkefni skulu sótt á sýnidegi prófa þann 17. desember.**

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum

Undirritun kennara

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagst. eða staðgengils

Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og hafið gaman af. **Amí og Hallgrímur.**